

## **Stytting vinnuvikunnar - breyttur opnunartími leikskólans Barnabóls**

Velferðar- og fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að leikskólinn verði lokaður kl. 14:00 á föstudögum. Ákvörðun er tekin út frá kjarasamningum KÍ þar sem stefnt var að því að vinnuvika kennara væri 36 klst frá og með ágúst 2025. Nokkrar leiðir er hægt að fara til að bregðast við styttingunni en nefndin telur sem svo að stytting á opnunartíma sé farsælasta lausnin.

### **1. Stytting vinnuvikunnar mun skila sér til barna**

Nokkur ár eru síðan stytting vinnuvikunnar var sett í kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga en styttingin virðist ekki vera að skila sér í styttri viðveru barna í leikskólum.

### **2. Raunhæf mönnun og stöðugleiki**

- Erfitt hefur reynst að ráða starfsfólk í hlutastarf til að mæta styttingu vinnuvikunnar. Til að dekkja styttingu þarf 100% stöðugildi.
- Með styttri opnunartíma:
  - eykst stöðugleiki í starfsmannahaldi
  - minnkar álag á núverandi starfsfólk
  - Öryggi barna eykst
- Styttingin er því einfaldari í skipulagi og auðveldar foreldrum að aðlaga sig að breyttum opnunartíma
- Að mæta styttingu vinnuvikunnar með auknum ráðningum eykur kostnað sveitarfélagsins verulega.
- Stytting opnunartíma er einfaldari og hagkvæmari leið sem dregur úr þörf á viðbótarstöðugildum.

### **3. Gæði þjónustu fyrir börn**

- Færri starfsmenn yfir lengri opnunartíma getur dregið úr gæðum starfs og aukið álag og óstöðugleika
- Með styttri degi er hægt að tryggja betri mönnun á virkum tíma dagsins og aukin gæði í starfi með börnum

### **4. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir foreldra leikskólabarna**


- Einn kom fram með athugasemd, þar sem lagt var til að það myndi frekar henta foreldrum ef lokað yrði kl 15:00 á föstudögum.
- Þannig að í raun er það 33% sem vilja hafa opið á föstudögum en 67% vilja hafa lokað eða alveg sama.

2. **Tillaga 1:** Leikskólinn lokar eins og grunnskólinn um jól og í dymbilviku, samtals um 11 daga. Einnig lokar leikskólinn klukkan 14:00 á föstudögum, sem nemur 87,6 klukkustundum á ári. Með þessari skipan næst 36 stunda vinnuvika án þess að auka álag á starfsfólk. Jafnframt styttest viðvera barnanna í leikskólanum, en ljóst er að stytting vinnuvikunnar hefur hingað til ekki skilað sér í styttri viðveru hjá leikskólabörnum.

**Tillaga 2:** Leikskólinn lokar eins og grunnskólinn um jól og í dymbilviku, samtals um 11 daga. Að auki styttest vinnuvikun um tvær stundir sem dreifast yfir vikuna eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þessi skipan krefst afleysinga milli klukkan 14:00 og 16:00 og veldur nokkru auka álagi á starfsfólk og börn, sérstaklega þegar veikindi og auka frí koma til.

[More details](#)

● Tillaga 1	7
● Tillaga 2	5
● Alveg sama	3



### Til að draga úr áhrifum á fjölskyldur er lagt til að:

- Könnuð verði þörf fyrir vistun. Eru einhverjir foreldrar sem geta ekki brugðist við breyttri opnun?
- Tryggja að foreldrar fái góðan fyrirvara og skýrar upplýsingar

## Fylgiskjal 1.

GILDISTÍMI: 1. apríl 2024 til 31. mars 2028

**Grein 2.1.1 um vinnuviku breytist á samningstíma. Eftirfarandi gildir frá 1. nóvember 2024:**

2.1.1 Vinnuvika starfsfólks í fullu starfi er 36 virkar vinnustundir. Heimilt er að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða.

**Grein 2.1.1 breytist á samningstíma. Ofangreint gildir frá 1. nóvember 2024.**

## Samkomulag

### Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands

vegna Félags grunnskólakennara, Félags leikskólakennara, Félags kennara og  
stjórnenda í tónlistarskólum, Félags stjórnenda leikskóla og Skólastjórafélags Íslands  
um framkvæmd styttingar vinnutíma skólaárið 2024-25

Samningsaðilar eru sammála um að framlengja gildistíma á fylgiskjöllum 2, 3 og öll samkomulög önnur sem aðilar hafa staðfest sín á milli um styttingu vinnutíma félagsmanna aðildarféлага KÍ út skólaárið 2024-25.

Markmið samningsaðila er að vinnuvika starfsfólks í fullu starfi verði 36 virkar vinnustundir að jafnaði yfir árið, frá og með 1. ágúst 2025. Áfram verður heimilt að semja við starfsfólk um tilflutning vinnuskyldu milli vikna eða árstíða á forsendum hvers skóla/vinnustaðar samkvæmt ákvæðum viðkomandi kjarasamnings og fylgiskjöllum hans þar um.

Samningsaðilar stefna að því í þeirri samningslotu sem nú stendur yfir að semja um ný og/eða breytt kjarasamningsákvæði um styttingu vinnutíma í 36 virkar vinnustundir á viku, að jafnaði yfir árið, sem gilda frá og með 1. ágúst 2025 eða fyrr ef samningsaðilar komast að samkomulagi um það. Frá 1. ágúst 2025 falla öll áðurnefnd fylgiskjöl og samkomulög um styttingu vinnutíma úr gildi án frekari fyrirvara.

Reykjavík, 22. ágúst 2024

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga

F.h. Kennarasambands Íslands

## Fylgiskjal 2.

Til að dekka styttingu þarf fullt stöðugildi. Þar sem við erum að reyna að halda uppi faglegu skólastarfi þá hefur áherslan verið á að láta allt faglegt starf vera fyrir hádegi. Þannig að styttingin kæmi til eftir hádegi.

Tveir starfsmenn í frí eftir kl. 12 á hverjum degi

Þeir vinna ekki í 4 klukkustundir hvor eftir hádegi

Það vantar því  $2 \times 4 = 8$  klukkustundir á dag (allt eftir kl. 12)

Yfir 5 daga viku =  $8 \times 5 = 40$  klukkustundir á viku

Ef við gerum ráð fyrir venjulegum vinnudegi (t.d. 8:00-16:00), þá eru bara 4 klukkustundir eftir kl. 12 (12:00-16:00).

Það þarf að ráða inn 2 stöðugildi sem vinna aðeins eftir kl. 12.

Þetta gætu verið:

- Tveir starfsmenn í fullu starfi með vaktir 12:00-16:00 (4 klst.  $\times$  5 dagar = 20 klst. hvor)
- Eða tveir í 50% starfi hvor

Þannig myndu þeir tveir dekka þær 8 klukkustundir sem vantar á hverjum degi eftir hádegi. En þeir starfsmenn þurfa eiga þá líklega rétt á styttingu.

Ef við erum bara að tala um að leysa 2 tíma á viku hjá 9 starfsmönnum.

Þá er þetta 50% stöðugildi eða í raun 2x25% stöðugildi

